



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Niðurstöður stýrihóps um mótun nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni.

Á fundi velferðarráðs þann 22. febrúar var lögð fram til samþykktar stefna Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni 2018 - 2022.

Samþykkt var að vísa stefnunni til borgarráðs.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri



Reykjavík, 12. febrúar 2018
VEL2017060014
324. fundur
RÁ/bm/þe

Lagt fyrir fund velferðarráðs 1. febrúar 2018 og þann 22. febrúar 2018

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Niðurstöður stýrihóps um mótun nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni

Stýrihópur um mótun nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni var skipaður með erindisbréfi frá Regínu Ásvaldsdóttur sviðstjóra velferðarsviðs þann 17. október 2017.

Verkefni hópsins voru samkvæmt erindisbréfinu að vinna tillögu að nýsköpunarstefnu velferðarsviðs á sviði velferðartækni í þjónustu, þ.e. sýn Reykjavíkurborgar og áætlun til þess að fylgja henni eftir.

Styðjast átti við vinnsluferlið í Connect verkefninu við gerð stefnunnar og horfa til þess hvernig starfsmenn geta nýtt velferðartækni við veitingu þjónustunnar þannig að hún verði skilvirkari, sveigjanlegri og styðji við endurhæfingu í heimahúsum. Hafa átti hliðsjón af áherslum velferðarráðs til ársins 2021 um nýsköpun, notendasamráð, heilsueflingu, velferðartækni, forvarnir og endurhæfingu í daglegu lífi og þróun og veitingu þjónustunnar. Að lokum, horfa til lyklatríða í áherslum velferðarráðs um virkni og vellíðan; frumkvæði og sköpunarkraft; samsköpun og samfélagslega ábyrgð.

Hópin skipuðu:

Ilmur Kristjánsdóttir fulltrúi meirihluta, formaður

Sverrir Bollason fulltrúi meirihluta

Áslaug Friðriksdóttir fulltrúi minnihluta

Brandur Bjarnason Karlsson fulltrúi Frumbjargar - Frumkvöðlamiðstöð Sjálfsbjargar

Guðrún Ágústsdóttir formaður öldungaráðs Reykjavíkur

Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir fulltrúi frá þjónustumiðstöðvum VEL með þekkingu á velferðartækni

Þórhildur Egilsdóttir fulltrúi frá VEL með þekkingu á velferðartækni sem jafnframt var starfsmaður hópsins

Starfsfyrirkomulag:

Stýrihópurinn hélt fundi þann 27. október 2017, 14. nóvember s.á. og 8. janúar 2018. Hópstjóri og starfsmaður héldu vinnufundi þann 8. desember 2017, 5. og 22. janúar 2018. Á milli funda var unnið í opnu skjali sem allir í hópnum höfðu aðgang að og gátu breytt að vild. Þann 23. nóvember 2017 leitaði fulltrúi Frumbjargar eftir hugmyndum og álitum vegna stefnumótunarinnar með spurningakönnun á opinni Facebook síðu miðstöðvarinnar. Fjöldmargar hugmyndir bárust frá fötluðu fólki og frumkvöðlum, sem notaðar voru til hliðsjónar í vinnu hópsins. Drög stefnunnar voru samþykkt í Öldungaráði þann 31. janúar 2018 en fulltrúi þeirra hefur haldið ráðinu upplýstu á tímabilinu.

Stefna Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni 2018-2022

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal nýta velferðartækni til að auðvelda fólki að búa á eigin heimili við betri lífsgæði, þrátt fyrir öldrun, fötlun eða veikindi og gera því jafnframt kleift að vera virkari þátttakendur í samfélaginu.

Leiðarljós

Starfsfólk velferðarsviðs skal með velferðartækni stuðla að því að auka sjálfstæði, öryggi og lífsgæði borgarbúa og gera þeim kleift að búa við bestu mögulegu aðstæður á heimilum sínum.

Markmið

1. Velferðartækni á að vera skilvirk þannig að þjónustan gangi greiðlega fyrir sig og að einfalt sé fyrir notendur og starfsfólk að nýta sér hana.
2. Velferðartækni skal stuðla að því að rjúfa félagslega einangrun og bæta aðgengi að samfélagsþátttöku.
3. Velferðartækni á að auðvelda samskipti notenda, aðstandenda og starfsmanna.
4. Velferðartækni á að auðvelda fólki sjálfstætt líf og breyta skipulagi og vinnuferlum starfsmanna á þann veg að þjónustan verði sveigjanlegri og miði við sérþarfir hvers og eins.
5. Velferðartækni skal auka virkni og þátttöku fólks þegar því er veitt aðstoð.
6. Velferðartæknilausnir skal ætíð meta í samræmi við notagildi þeirra, þau vandamál sem þær eiga að leysa og kostnað við þær.
7. Velferðarsvið skal þegar tækifæri gefast styðja við rannsóknir og þróun velferðartækni m.a. í samvinnu við nýsköpunar- og vísindasamfélagið.
8. Velferðarsvið skal efla samtal við einstaklinga, frumkvöðla og fyrirtæki um hugmyndir að nýrri velferðartækni.
9. Val á velferðartæknilausnum skal ætíð taka mið af siðferðilegum gildum eins og sjálfsákvörðunarrétt notanda s.s. upplýstu samþykki, gagnsæi og gagnsemi.
10. Velferðartækni skal bæta aðstæður starfsmanna og stuðla að vinnuvernd.

Ábyrgð

Velferðarsvið ber ábyrgð á gerð og framkvæmd aðgerðaáætlunar. Til að tryggja að markmið stefnunnar nái fram að ganga skal gera aðgerðaáætlun til eins árs í senn.

1. Sviðstjóri velferðarsviðs og velferðarráð bera heildarábyrgð á stefnu í velferðartækni og endurskoðun hennar.
2. Velferðarráð ber ábyrgð á því stefnan sé höfð til hliðsjónar við stefnumótun.

3. Sviðstjóri velferðarsviðs ber ábyrgð á því að til sé verklag og leiðbeiningar fyrir starfsfólk velferðartæknismiðju.
4. Forsvarsmenn velferðartæknismiðju skulu sjá til þess að þegar innleiða á velferðartækni fái starfsstaðir viðeigandi stuðning og fræðslu.
5. Stjórnendur í hverri starfstöð fyrir sig bera ábyrgð á því að starfsfólk hafi þekkingu og aðstöðu til að innleiða velferðartæknilausnir.

Aðgerðaáætlun með stefnu um velferðartækni árið 2018

- Ráðinn verði verkefnastjóri til að veita velferðarsmiðjunni forstöðu, og síðan annar starfsmaður með honum.
- Komið verði á fót velferðartæknismiðju.
- Velferðartæknismiðju verði fundinn staður í einu af hverfum borgarinnar, sem næst stað þar sem mikil þjónusta er veitt.
- Í velferðartæknismiðju skal þarfagreina, gera úttektir, þróa og fylgja eftir stefnu um velferðartækni.
- Haldið skal utan um prófanir og þróun á nýrri velferðartækni.
- Skýrt verklag skal mótað í innleiðingu á velferðartækni.
- Notendur skulu ávallt taka þátt í prófunum og gefa álit sitt og samþykki fyrir nýrri tækni áður en hún er innleidd.
- Áður en ákvörðun um innkaup og innleiðingu er tekin skal tæknin hafa verið prófuð í raunaðstæðum.
- Tryggja skal góð samskipti og þátttöku starfsmanna í innleiðingu og sjá til þess að nýtt vinnulag festist í sessi.
- Auglýsa skal eftir hugmyndum um lausnir frá einstaklingum, námsmönnum, frumkvöðlum og fyrirtækjum á ákveðnum viðfangsefnum sem þörf er á að leysa.
- Velferðarsvið skal vera í þverfaglegu samstarfi við önnur svið borgarinnar, önnur sveitarfélög t.d. Akureyri sbr. AKREY samkomulag og ríkisstofnanir s.s. Sjúkratryggingar ríkisins, ráðuneyti og Rannís.
- Velferðarsvið skal vera leiðandi í samstarfi frumkvöðla, fyrirtækja og háskólastofnana, jafnt hérlendis sem erlendis.
- Velferðarsvið skal taka þátt í norrænu samstarfi og þróun á verklagi í velferðartæknismiðjum (Living Lab).

Aðgerðaáætlun verður endurskoðuð í lok árs 2018.